# STARFSÁÆTLUN PEGASUS FÉLAGSMIÐSTÖÐ 2021-2022




Snorri Páll Þórðarson
snorrip@kopavogur.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

## Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Pegasus er fyrir nemendur í  5-10. bekk. Félagsmiðstöðin Pegasus er staðsett í Álfhólsskóla, Álfhólsvegi 120, 200 Kópavogi.
Forstöðumaður Pegasus er Snorri Páll Þórðarson. Síminn í Pegasus: 570-4265 / 696-1622 netfang forstöðumanns: snorrip@kopavogur.is
Pegasus er opin á mánudögum 11:00-22:30, þriðjudögum 10:00-16:00, miðvikudögum 11:00-22:30, fimmtudögum 10:00-16:00 & föstudögum 10:00-14:00 & annað hvert föstudagskvöld 19:30-23:30.

## Félagsmiðstöðvadagatal

Sameiginlegt viðburðadagatal félagsmiðstöðva.



Menntasvið
Frístundadeild

Félagsmiðstöðvadagatal 2021 - 2022

Nafn:

| | Orkudrykkir | Sexting | | | | | Sjúkást/örugg saman | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ |
| 1 S | 1 M Velkomin til starfa | 1 F Landsmót Samfés/Opnun | 1 M Starfsmannafræðsla | 1 M Opnun | 1 L Nýársdagur | 1 Þ | 1 Þ Sprengidagur | 1 F Lokað | 1 S Verkalýðsdagurinn | 1 M Undirbúningur -Sumar |
| 2 M Frídagur verslunarmanna | 2 F | 2 L Landsmót Samfés | 2 Þ Forstöðumannafundur | 2 F | 2 S | 2 M Starfsmannafræðsla-Opnun | 2 M Opnun/Öskudagur | 2 L | 2 M Opnun | 2 F Undirbúningur -Sumar |
| 3 Þ | 3 F Velkomin til starfa | 3 S | 3 M Opnun | 3 F Rafíþróttamót Samfés og Félkó/Lokað | 3 M Opnun | 3 F | 3 F | 3 S | 3 Þ Forstöðumannafundur | 3 F Undirbúningur -Sumar |
| 4 M | 4 L | 4 M Forvarnarvika | 4 F | 4 L Rafíþróttamót Samfés og Félkó | 4 Þ | 4 F Lokað | 4 F Lokað | 4 M Opnun | 4 M Skipulagsdagur hlutastarfsmanna | 4 L |
| 5 F | 5 S | 5 Þ Forstöðumannafundur | 5 F Lokað | 5 S | 5 M Opnun | 5 L | 5 L | 5 Þ Forstöðumannafundur | 5 F | 5 S Hvítasunnudagur |
| 6 F | 6 M Starfsmannafræðsla-Opnun | 6 M Opnun-Forvarnarvika | 6 L | 6 M Opnun | 6 F Þrettándinn | 6 S Dagur leikskólans | 6 S | 6 M Opnun | 6 F Opnun | 6 M Annar í Hvítasunnu |
| 7 L | 7 Þ Forstöðumannafundur | 7 F | 7 S | 7 Þ | 7 F Lokað/Samfés Con | 7 M Opnun-Gelkó | 7 M Opnun | 7 F | 7 L | 7 Þ |
| 8 S | 8 M Opnun | 8 F Lokað | 8 M Opnun | 8 M Opnun | 8 L | 8 Þ Forstöðumannfundur | 8 Þ Forstöðumannafundur | 8 F Opnun | 8 S | 8 M Opnun |
| 9 M | 9 F Starfsdagar Samfés | 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 S | 9 M Opnun-Gelkó | 9 M Opnun | 9 L | 9 M Opnun | 9 F |
| 10 Þ | 10 F Starfsdagar Samfés/Lokað | 10 S | 10 M Opnun | 10 F Opnun | 10 M Opnun | 10 F | 10 F | 10 S Pálmasunnudagur | 10 Þ Skipulagsdagur | 10 F Opnun |
| 11 M | 11 L | 11 M Molavika | 11 F | 11 L | 11 Þ Forstöðumannafundur | 11 F Opnun | 11 F Skíðaferð | 11 M Opnun | 11 M Skipulagsdagur | 11 L |
| 12 F | 12 S | 12 Þ Molavika | 12 F Rímnaflæði/Opnun | 12 S | 12 M Opnun | 12 L | 12 L Skíðaferð | 12 Þ | 12 F | 12 S Sjómannadagurinn |
| 13 F | 13 M Opnun | 13 M Molavika | 13 L Workshop/Sköpun | 13 M Opnun | 13 F | 13 S | 13 S Skíðaferð | 13 M Opnun | 13 F Rafíþróttamót Samfés | 13 M Opnun |
| 14 L | 14 Þ | 14 F Molavika | 14 S | 14 Þ Forstöðumannafundur | 14 F Nýársball | 14 M Opnun | 14 M Opnun | 14 F Skírdagur | 14 L Rafíþróttamót Samfés | 14 Þ |
| 15 S | 15 M Íþróttaleikar | 15 F Molavika | 15 M Félagsmiðstöðvavika | 15 M Opnun | 15 L | 15 Þ | 15 Þ | 15 F Föstudagurinn langi-Lokað | 15 S | 15 M Opnun |
| 16 M | 16 F Dagur íslenskrar náttúru | 16 L | 16 Þ Forstöðumannafundur | 16 F | 16 S | 16 M Opnun | 16 M Opnun | 16 L | 16 M Opnun | 16 F |
| 17 Þ | 17 F Opnun/Íþróttadagur/Ball | 17 S | 17 M Stuttmyndahátíð-Félagsmiðstöðvavika | 17 F Lokað | 17 M Opnun | 17 F Vetrarleyfi | 17 F | 17 S Páskadagur | 17 Þ | 17 F |
| 18 M | 18 L | 18 M Opnun | 18 F | 18 L | 18 Þ | 18 F Vetrarleyfi | 18 F Lokað | 18 M Annar í páskum | 18 M Opnun | 18 L |
| 19 F | 19 S | 19 Þ Forstöðumannafundur | 19 F Lokað | 19 S | 19 M Opnun | 19 L | 19 L | 19 Þ Forstöðumannafundur | 19 F | 19 S |
| 20 F | 20 M Opnun | 20 M Opnun | 20 L Dagur mannréttinda barna | 20 M Opnun | 20 F | 20 S Konudagur | 20 S | 20 M Opnun | 20 F Sumarhátíð | 20 M Opnun |
| 21 L | 21 Þ Forstöðumannafundur | 21 F | 21 S | 21 Þ | 21 F Lokað-Bóndadagur | 21 M Opnun | 21 M Opnun | 21 F Sumardagurinn fyrsti | 21 L | 21 Þ |
| 22 S | 22 M Opnun | 22 F Lokað | 22 M Opnun | 22 M Opnun | 22 L | 22 Þ Forstöðumannfundur | 22 Þ Forstöðumannafundur | 22 F Opnun | 22 S | 22 M Opnun |
| 23 M Skipulagsdagur | 23 F | 23 L Fyrsti vetrardagur | 23 Þ | 23 F Þorláksmessa/Opið | 23 S | 23 M Opnun | 23 M Opnun | 23 L | 23 M Opnun | 23 F |
| 24 Þ Skipulagsdagur forstöðumanna | 24 F Lokað | 24 S | 24 M Opnun | 24 F Aðfangadagur jóla | 24 M Opnun | 24 F | 24 F | 24 S | 24 Þ | 24 F |
| 25 M Opnun | 25 L | 25 M Vetrarleyfi | 25 F | 25 L Jóladagur | 25 Þ Forstöðumannafundur | 25 F Opnun | 25 F Samfés | 25 M Opnun | 25 M Opnn | 25 L |
| 26 F | 26 S Evrópski tungumáladagurinn | 26 Þ Vetrarleyfi | 26 F Opnun | 26 S Annar í jólum | 26 M Söngkeppni Félagsmiðstöðva | 26 L | 26 L Samfés-Söngkeppni | 26 Þ | 26 F Uppstigningardagur | 26 S |
| 27 F Lokað | 27 M Opnun | 27 M Opnun | 27 L | 27 M Opnun | 27 F | 27 S | 27 S | 27 M Opnun | 27 F Lokað | 27 M Opnun |
| 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 S | 28 Þ | 28 F Opnun/Danskeppni Samfés | 28 M Opnun | 28 M Opnun | 28 F Aðalfundur Samfés | 28 L | 28 Þ |
| 29 S | 29 M Opnun | 29 F Opnun | 29 M Opnun | 29 M Opnun | 29 L Stíl-Samfés | | 29 Þ | 29 F Aðalfundur Samfés-Lokað | 29 S | 29 M Opnun |
| 30 M opnun | 30 F | 30 L | 30 Þ Forstöðumannafundur | 30 F | 30 S | | 30 M Opnun | 30 L | 30 M Opnun | 30 F |
| 31 Þ | | 31 S | | 31 F Gamlársdagur/Lokað | 31 M Opnun | | 31 F | | 31 Þ | |

## Starfið í vetur

Áherslur starfsins nr.1,2 & 3 er að vera til staðar fyrir ungmennin. Bjóða alla velkomna, að allir fái að njóta sín og eigi sér góðan samastað. Vera með flotta og fjölbreytta dagskrá á kvöldin en að allir finni eitthvað fyrir sig hverju sinni og það sé ekki skylda að gera neitt og þú getir alltaf komið í félagsmiðstöðina og gert það sem þú vilt. Allir eru jafnir sama hvort þú sért í 8.,9. eða 10. bekk.
Koma til móts við einstaklinga með sérþarfir og finna út úr því hvernig við komum sem flestum inn til okkar sem við teljum að þurfi á Pegasus að halda. Vera með opið og vera til staðar fyrir ungmennin og sinna skrifstofuvinnu og rekstri samhliða því.

## Valáfangar sem forstöðumaður sér um

Engin eins og er en líklega verður sett af stað ungmennahúsvaláfangi til að koma 10.bekk í Molann eftir grunnskóla og hefur samtalið átt sér stað.

## Samstarf við skóla

Mikið og gott samstarf við skólann. Nemendaverndarfundir, óformlegir og formlegir fundir varðandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

nemendur, uppsetningu og umsjón á t.d árshátíð og jólaballi.
Aukið samtal við sálfræðing skólans til stuðnings við starfsfólk Pegasus.

## Miðstigsstarf

Í Pegasus leggjum við áherslu á að krakkar í 5.-7. bekk eigi góða stund og líði vel í Pegasus. Miðstigsstarfið er hálfgerð kynning og undirbúningur á því hvernig félagsmiðstöðvastarf er þegar komið er á unglingastig. Opið er fyrir 5.-7. bekk einu sinni til tvisvar í mánuði.

## Klúbbastarf

**Menningarklúbbur**: Auglýst á mánaðardagskrá, Instagram og í almennu spjalli við krakkana. Farið í heimsóknir á listasöfn, stúdíó, kaffihús & bæjarrölt.
**Sjálfsást**: Sjálfstyrkingarklúbbur, 1x-2x í mánuði.
**Nördaklúbbur**: Sértækt hópastarf, farið t.d. í vettvangsferðir og spilað. Fengum styrk úr forvarnarsjóði sem mun koma sér vel í vetur.
**Bökunarklúbbur**: 1x-2x í mánuði, bakað eða eldað.
**Kynning á tómstundum í nærumhverfi:** Fara í kynnisferðir í tómstundir sem í boði eru. Margir vilja ekki fara einir og þetta er möguleiki sem getur komið þeim af stað og virkjað þau í öðru tómstundastarfi.

Allir starfsmenn Pegasus koma að starfinu. Varðandi klúbba þá er það mismunandi, sumir eru með klúbba alla veturinn en aðrir skemur.

## Verkefni/viðburðir er snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum

Flokkum dósir, pappa og plast í félagsmiðstöðinni. Ef einstaka unglingar sem búa við erfiðar heimilisaðstæður, til dæmis fjárhagslegar þá kannar forstöðumaður hvert tilvik og skoðar hvernig hægt er að aðstoða viðkomandi. Greitt hefur verið fyrir Pegasus peysur, inn á viðburði fyrir þessa einstaklinga og fleira. Jafnrétti haft að leiðarljósi.

## Viðburðir í vetur

Árshátíð miðstigs og unglingastigs, söngkeppni, Lan-mót, náttfatanótt, styrktarbingó og fleiri minni viðburðir. Viðburðir í samstarfi við skólann eru jólaball og árshátíð fyrir mið- og unglingastig. Stefnum að meiri  og skemmtilegri dagskrá eftir erfitt covid tímabil hjá öllum.

### Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva

Getkó, Íþróttavika, söngkeppni, Lan-mót, skíðferð, stuttmyndahátíð, forvarnarvika, sköpunardagur, nýársball og lokahátíð Félkó.

#### Samfés viðburðir

Samfés viðburðir eru meðal annars landsmót, félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan, rappkeppnin Rímnaflæði, rafíþróttamót, danskeppni, hönnunarkeppnin Stíll, Samfestingurinn og söngkeppnin og leiktækjamót.

## Sérverkefni

**Verkefni sem móta jákvæð samskipti** : Sjálfsást er “pepp”klúbbur sem stuðlar að jákvæðum samskiptum og ást á sjálfum sér.
**Verkefni sem vinna gegn félagslegri einangrun;** Lanmót og spilaklúbbur,

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**Verkefni sem vinnur að því að ná til nemenda með annað móðurmál en íslensku;** Velkominn prógrammið. Í því verkefni fá nemendur á unglingastigi með annað móðurmál en íslensku tækifæri á að kynnast samfélaginu (menningu, tungumáli og hefðum) í gegnum vettvangsheimsóknir og skipulagt hópastarf. Nemendur fá yfirsýn yfir frístundastarf og starfsemi félagsmiðstöðva í Kópavogi og aðra áhugasama staði í sveitarfélaginu. Þeir fá einnig tækifæri til að læra nýjan orðaforða í íslensku á skemmtilegan og óhefðbundinn hátt.

## Sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar

Pegasus var með sumarsmiðjur fyrir 4.-7. bekk þar sem boðið var upp á fjölbreytta dagskrá til að höfða til sem flestra. Hægt var að skrá sig í hverja smiðju fyrir sig sem þýðir að þeir sem skráðu sig höfðu áhuga á því sem þau voru að fara að mæta í sem er mikill kostur. Sumarstarf fyrir 8.-10. bekk var tvennskonar en það var sérstækt hópastarf og síðan hefðbundnar kvöldopnanir eins og við þekkjum úr vetrarstarfinu. Í Pegasus þá breytum við um takt á sumrin og er ekki með hefðbundin opið hús þar sem við teljum að það sé gott fyrir krakkana að fá smá hvíld frá venjulegu félagsmiðstöðvastarfinu sem gengur vel á veturnar. Því erum við lítið sem ekkert í húsi og erum mestmegnis í útistarfi, í ferðum, að grilla, í FOLFi, sundi og fl. Sértæka hópastarfið hjá Pegasus var minna en annarstaðar þar sem við vorum með miðstigsstarf þrjá daga vikunnar. Í þau skipti sem við vorum með sértækt hópastarf þá unnum við uppúr Sjálfsástarklúbbnum okkar með stelpuhópum sem voru í unglingarvinnunni og fórum t.d. með hóp af strákum í vettvangsferð í Smáratívolí og hittumst nokkrum sinnum í Pegasus og spiluðum og spjölluðum og unnum að því að búa til hóp sem gæti komið inn í vetur í Nördaklúbb Nikka, en það starf fengum við einmitt styrk úr Forvarnarsjóði Kópavogs fyrir. Við höfum verið með drengi í vinnu hjá okkur í gegnum Vinnuskóla Kópavogs undanfarin tvö sumur sem hafa komið upp úr félagsmiðstöðvarstarfinu okkar í Pegasus. Annar með CP og í hjólastól og hinn með einhverfu. Það hefur mikil vinna átt sér stað með þessa drengi og þeir hafa tekið gríðarlegum framförum og er frábært að sjá þá blómstar áfram sem sumarstarfsmenn í félagsmiðstöðinni.

## Pegasusráð

Pegasusráðið er opið öllum. Tekin eru viðtöl af starfsmönnum Pegasus í upphafi árs og valið inn í ráðið. Skipulagning á starfinu, dagskrárgerð, uppsetning og frágangur á viðburðum er meðal annars í "verklýsingu " ungmennanna. Síðan eru 2 fulltrúar í Félkó ráði (sameiginlegt ráð allra félagsmiðstöðva í Kópavogi) og sameiginlegur fulltrúi Pegasus og Álfhólsskóla í Ungmennaráði Kópavogs.

## Foreldrasamstarf

Forstöðumaður fer inn á námsefniskynningu fyrir allt unglingastigið og kynnir starf félagsmiðstöðvarinnar fyrir foreldrum. Lítið sem ekkert samstarf er við foreldrafélag og þarf að bæta það. Send er mánaðardagskrá á forsjáraðila í byrjun hvers mánaðar og aðrar tilkynningar.

## Verkferlar

- Neyðaráætlun
  Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna
  Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira
- Öryggisgátlisti
  Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið
  Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfs.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)
  Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla.

- Gátlistar í sértæku hópastarfi
  Gátlistar sem styðja við starf nemenda með annað móðurmál en íslensku, félagslega einangaðir eða forvarnir gegn einelti.

## Innra mat

Við höldum fjöldatölur yfir heimsóknir unglinga í Pegasus til að sjá aðsóknina og fáum upplýsingar frá R&G um skólann og hverfið sem við störfum í. Starfsfólk er hvatt til að segja skoðun sína og hafa áhrif á starfið á starfsmannafundum sem haldnir eru 1x í mánuði. Pegasus ráðið sem er skipað unglingum sem hafa áhrif á starfið og koma upplýsingum frá unglingunum til forstöðumanns og starfsfólks, þannig við fáum mynd af því hvað þau vilja að félagsmiðstöðin sé að gera. Sömuleiðis eru haldnir forstöðumannafundur annan hvern þriðjudag með deildarstjóra frístundadeildar.

## Símenntun

Fræðslunámskeið er haldið í upphafi starfsárs ásamt starsfmannafræðslum yfir starfsárið sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva býðst að mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirletra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Símenntunaráætlun 2021-2022

| Fræðsluerindi | Dagsetning | Efni |
|---|---|---|
| Að vera starfsmaður í félagsmiðstöð | 1.og 3.september | Leiðtogar, fyrirmynd og gleði í frístundastarfi/Hinsegin /Kynsegin fræðsla |
| Skyndihjálp | 20. september | Skyndihjálp, áhersla á ungt fólk og viðbrögð við kvíða og annarri vanlíðan. |
| Klám og ,,sexting“ | 1.nóvember | Umfjöllun um stafrænt kynferðisofbeldi og umfang kynferðislegra myndsendinga meðal barna. |
| Lærdómsfundur | 2.febrúar | Kynning á BA verkefnum starfsmanna félagsmiðstöðva, verkefnum sem hafa fengið tilnefningu í Kópinn, Forvarnarsjóð Kópavogs og Hvatningaverðlaun Samfés |
| Skipulagsdagur hlutastarfsmanna | 4.maí | Hlutastarfsmenn félagsmiðstöðva koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við deildarstjóra frístundadeildar. |

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**Fræðsluáætlun félagsmiðstöðva í Kópavogi**

| Fræðsluerindi | Mánuður |
|---|---|
| Orkudrykkir | september |
| Sexting /Hinsegin fræðsla | október |
| Unglingar gegn ofbeldi | nóvember |
| Örugg Saman | janúar |
| Fjölbreytnin auðgar (vinna með fjölmenningu í starfi félagsmiðstöðva) | janúar – febrúar |
| Jafningjafræðsla Velkomin | janúar-febrúar |

## Fjöldatölur 2020-2021




## Starfsfólk Pegasus

Snorri Páll Þórðarson – Forstöðumaður

Margrét Nilsdóttir – Frístundaleiðeinandi

Nikulás Árni Þorkelsson – Frístundaleiðbeinandi

Laufey Sigríður Guðmundsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Thelma Karitas Halldórsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Einar Björn Þorgrímsson – Frístundaleiðbeinandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026